



Reykjavík, 3. júní 2025
FAS25010056

Borgarráð

Tillaga matsnefndar vegna umsóknar Arcur ehf. kt. 490419-0550 um stofnframlag frá Reykjavíkurborg vegna kaupáætlunar 2025.

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu matsnefndar um að hafna stofnframlagi frá Reykjavíkurborg til Arcur ehf. vegna kaupa 195 leiguíbúða; Kaupáætlun 2025 Hlíðarhorn, áætlað stofnvirði 19.972.487.000 kr. og 12% stofnframlag 2.396.698.440 kr.

Ofangreind tillaga um höfnun á stofnframlagi var samþykkt af matsnefnd vegna veitingu stofnframlaga 30. maí 2025.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillaga matsnefndar vegna umsóknar Arcur ehf. kt. 490419-0550 um stofnframlag frá Reykjavíkurborg vegna kaupáætlunar 2025.

Borgarstjórnin í Reykjavík
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Erindi: Tillaga matsnefndar¹ vegna umsóknar Arcur ehf. kt. 490419-0550 fyrir hönd óstofnaðs félags um stofnframlag frá Reykjavíkurborg.

Þann 27. febrúar 2025 barst Reykjavíkurborg umsókn **Arcur ehf. fyrir hönd óstofnaðs félags** um stofnframlag með vísan til laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerðar 183/2020 með síðari breytingum og reglna Reykjavíkurborgar um stofnframlög dags. 29. september 2016 (rrs) vegna:

195 leiguíbúða, kaupáætlun; Hlíðarhorn, nýbygging áætlað stofnvirði kr. 19.972.487.000 og 12% stofnframlag kr. 2.396.698.440.

Um er að ræða íbúðir að Haukahlíð 2, 4, 6, 8, 10 og 12 og Valshlíð 1, 3, 5 og 7.

Reglur Reykjavíkurborgar um stofnframlög gera ríkar kröfur um gagnaskil, sbr. 5. gr. reglnanna, til að tryggja að upplýst ákvörðun sé tekin um veitingu stofnframlaga.

Umsókn um stofnframlag ber að meta í samræmi við 8. gr. reglnanna þar sem tilgreindir eru átta meginþættir matsins.

Niðurstaða matsnefndar varðandi verkefni í umsókn Arcur ehf. fyrir hönd óstofnaðs félags er eftirfarandi:

- ✓ Áætlað heildarstofnvirði verkefnisins nemur kr. 19.972.487.000 og 12% stofnframlag að upphæð kr. 2.396.698.440. Stofnframlag rúmast ekki innan fjárheimilda skv. fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hvað varðar efnahag og sjóðstreymi.
- ✓ Fyrirliggjandi umsókn sýnir ekki fram á með óyggjandi hætti að íbúðirnar sem sótt er um stofnframlög fyrir, uppfylli kvaðir laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir um hagkvæmni og þarfir væntanlegra íbúa, eða kvaðir í reglugerð nr. 183/2020 um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir.

Matsnefnd leggur til að ofangreindri umsókn um stofnframlag vegna íbúða við að Haukahlíð 2, 4, 6, 8, 10 og 12 og Valshlíð 1, 3, 5 og 7 verði hafnað á ofangreindum forsendum. Er því beint til umsækjanda að endurmeta umsókn sína og efna eftir atvikum til samstarfs með öðrum

¹ Þann 3. mars 2025 skipaði borgarstjórnin í Reykjavík matsnefnd vegna veitingu stofnframlaga í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um veitingu stofnframlaga sem samþykktar voru í borgarráði dags 29. september 2016. Hlutverk matsnefndar er að fara yfir umsóknir um stofnframlög Reykjavíkurborgar og gera tillögu til borgarstjóra um afgreiðslu þeirra á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerðar nr. 183/2020 og reglna Reykjavíkurborgar um stofnframlög.

aðilum sem reka húsnæðissamvinnufélög. Við undirbúning nýrrar umsóknar verði haft samstarf við Reykjavíkurborg og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Halldóra Káradóttir

Óli Jón Hertervig

Oddrún Helga Oddsdóttir

Karl Einarsson
starfsmaður matsnefndar